

**36** ber brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu til hreppstjórans í Svinavatnshreppi 28. febr. dags. 16. febr. 1866, sem er í brjefabók sýslunnar í Landsskjalasafninu, vott um það, að það hefur þá verið álit þeirra beggja, sýslumanns og hreppstjóra og almennings, að Holtastaðareitur væri í Svinavatnshreppi. En brjef þetta er svar sýslumanns upp á umkvörtun hreppstjórans út af því, að Holtastaðabóndinn gjaldi engan hluta tíundar sinnar til sveitarsjóðs Svinavatnshrepps, þótt hann árlega framfleyti mörgu fje í Holtastaðareit innan takmarka Svinavatnshrepps. Ennfremur er það upplýst í málinu, að sveitarbæknr Svinavatnshrepps bera það með sjer, að kona nokkur, er bjó í Holtastaðareit, hefur á árunum 1878—1890 greitt útsvar til Svinavatnshrepps.

Samkvæmt framanskráðu úrskurðar stjórnarráðið því hjer með, að nefnd Magdalena Sveinsdóttir skuli talin sveitlæg í Svinavatnshreppi.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum.

**37** **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Akureyri um kæru útaf 23. febr. kosningu til bæjarstjórnar í nefndum kaupstað.**

Með brjefi, dags 26. f. m., undirrituðu af yður, herra bæjarfógeti, og hinum öðrum tveim kjörstjórum við bæjarstjórnarkosning þá, er fram fór á Akureyri 4. f. m., hefur borizt hingað erindi frá 8 kjósendum í nefndum kaupstað, þar sem þeir áfrýja til stjórnarráðsins úrskurðum bæjarstjórnarinnar 10. og 12. f. m. um að tjeð kosning skuli talin gild, og fara fram á að stjórnarráðið felli úrskurði þessa og kosninguna úr gildi. Brjefinu fylgdi einnig umsögn bæjarstjórnarinnar um málið.

Kosning þessi fór fram eptir 3 listum, A, B og C, og er það til foráttu fundið, að á B-listanum hafi eigi verið tilgreind heimili fulltrúaefna, á A-listanum vantað heimili fulltrúaefna og meðmælenda og á C-listanum vantað heimili fulltrúaefna og heimili og stöðu meðmælenda. Kærendurnir telja þetta svofellda galla á listanum, að kjörstjórnin hafi samkvæmt 2. gr. laga nr. 39, 10. nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum brostið heimild til að taka lista þessa gilda og láta kosning fara fram eptir þeim.

Þótt heimili og staða fulltrúaefna væri eigi tilgreind á listunum verður að álíta, að kjörstjórninni hafi verið fullkomlega heimilt samkvæmt ákvæðum 2. gr. 3. hl. nefndra laga að taka listana gilda úr því hún taldi engan efa á því, hver fulltrúaefnin væru og áleit eigi hægt að villast á þeim og öðrum kjörgengum mönnum, enda er það eigi vefengt, að hún hafi borið rjett kennsl á mennina. Það verður einnig að álíta, að kjörstjórninni hafi eigi borið til þess nein skylda samkvæmt nefndum lögum að visa á bug A-listanum, þótt heimili meðmælenda væri eigi tiltekið nánar en gjört er með dagsetningunni á Akureyri, nje heldur

C-listanum, þótt staða meðmælenda væri ekki tilgreind og heimilið eigi nánar en 23. febr. á A-listanum. Ákvæðin í 1. hl. 2. gr. nefndra laga um að þetta tvennt skuli greint við nöfn meðmælenda, verða sem sje ekki skoðuð sem ófrávikjanlegt skilyrði fyrir gildi listanna, því þá væru þau eigi í samræmi við ákvæðin um einkenning fulltrúaefnanna í 3. l.l. greinarinnar, enda liggur beint við að skilja þau svo, að þar með sje gefin föst regla um það, hvað kjörstjórn geti heimtað til þess, að ganga úr skugga um, hverjir meðmælendurnir sjeu, svo að ekki verði villst á þeim og öðrum kjósendum. Viti kjörstjórnin full deili á meðmælendunum eða svo mörgum af þeim, sem eptir lögnum þarf til þess að listi verði tekinn til greina, og þekki hún með vissu, að þeir fullnægja skilyrðum um kosningarjett án þess að hún þurfi á tjeðum upplýsingum að halda, virðist engin sennileg ástæða geta verið til þess að hún neiti að hafa hin framboðnu fulltrúaefni í kjöri. Til slíks mundi þurfa skýlaust ákvæði um ógildi lista fyrir formgalla á líkan hátt og ákveðið er í 8 gr. laganna um ógildi kjörseðla, en það er eigi í lögnum. Þvert á móti er ákveðið, að ef kjörstjóra þykir ástæða til að álíta lista ógildan, skuli það gjört með sjerstökum úrskurði fyrir kjörfund, og koma ástæður og atvik þannig undir mat hennar í hverju einstöku tilfelli.

Samkvæmt framanskráðu verður að álíta, að formgallar þeir, sem voru á listunum, geti ekki haft nein áhrif á gildi kosningarinnar, og er því hjermeð ákveðið, að úrskurðir bæjarstjórnar Akureyrar 10. og 12. f. m. um að bæjarstjórnarkosningin 4. s. m. skuli gild, skuli óraskaðir standa.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni.

**Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógetans í Reykjavík um að tilkynna lát Færeyinga, sem andast hjer á landi.** 38 28. febr.

Færeysk yfirvöld hafa borið sig upp undan því við stjórnarráðið, að það beri eigi allsjaldan við, að menn frá Færeijum andist hjer á landi, án þess að þarum sje send nokkur skýrsla til Færeysja.

Útaf þessu skal stjórnarráðið hjermeð brýna fyrir yður, herra sýslumaður (bæjarfógeti), að tilkynna það jafnan sórenskrifaranum á Færeijum sem skiptaráðanda þar, þá er Færeyingar andast í lögsagnarumdæmi yðar, eins þótt hann láti þar engar eigur eptir sig.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk.** 39 3. marz

Með brjefi dags. 3. janúar þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Miklaholtshreppi í sýslu yðar, þar sem hún áfrýjar